

**Stofnað 22. nóvember 1990
Kt. 540291-1289**

Lög Skautafélagsins Bjarnarins:

1. grein

Félagið heitir Skautafélagið Björninn. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur félagsins er að iðka skautaíþróttir sem og aðrar tengdar íþróttir eins og línuskauta og krullu og vinna markvisst að eflingu og kynningu þeirra. Unnið skal innan ramma ÍSÍ og viðkomandi sérsambanda.

3. grein

Aðalstjórn félagsins fer með yfirstjórn þess, er æðsti aðili félagsins milli aðalfunda og er í forsvari þess gagnvart yfirstjórnnum íþróttasambanda sem félagið er aðili að, opinberum yfirvöldum og aðalstjórnnum annarra íþróttafélaga. Skal aðalstjórninni heimilt að kveða félagsmenn sér til aðstoðar og skipa starfsnefndir. Verkefni aðalstjórnar eru auk ofangreinds m.a. ýmis stærri fjáröflunarverkefni, skipting styrkja til félagsins og skil á starfsskýrslum.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með þeim.

Formaður boðar til funda og stjórnar þeim.

4. grein

Félagið heldur sérstaka félagaskrá. Allir iðkendur og forráðamenn ólögráða barna eru félagsmenn ef æfingagjöld eru greidd fyrir 1. febrúar ár hvert. Lögráða félagsmenn eru með atkvæðis- og málsrétt á aðalfundi.

Einnig getur hver sá orðið félagi, er sækir skriflega um inngöngu í félagið fyrir 1. febrúar ár hvert og greiðir félagsgjald sem ákvarðast á aðalfundi, og gangast vill undir lög þess. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna stjórn félagsins skriflega.

Atkvæðisréttur er ekki framseljanlegur.

5. grein

Aðalstjórn skipa 7 einstaklingar, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og 3 meðstjórnendur.. Aðalstjórn skal kosin skriflega á aðalfélagsfundi á hverju ári. Komi einungis fram eitt framboð í embætti, þá er sá hin sami sjálfkjörinn. Séu atkvæði jöfn skal kosið að nýju, bundinni kosningu og fáið þá ekki úrslit ræður hlutkesti..

Framboðum til aðalstjórnar skal skila til aðalstjórnar viku fyrir aðalfund. Ef ekki berast framboð fyrir þann tíma er leyfilegt að bjóða sig fram á aðalfundi.

Aðalstjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins og mótar starfsemi þess milli aðalfunda í aðalatriðum, í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn skal hafa forystu um að afla félaginu styrkja og samstarfssamninga.

Aðalstjórn félagsins er heimilt að skipa þær nefndir, sem hún telur þörf fyrir.

Aðalstjórn félagsins er heimilt að víkja mönnum úr félaginu, álitu hún framkomu þeirra vítaverða.

Enga fullnaðarályktun getur aðalstjórn gert nema með samþykki meirihluta stjórnarmeðlima.

Skylt skal að halda aðalstjórnarfundi minnst einu sinni í mánuði, og skal um þá haldin sérstök gerðabók.

6. grein

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en einum mánuði eftir að aðalfundur deilda félagsins hafa verið haldnir..

Boða skal aðalfundur minnst með 14 daga fyrirvara og mest 20 daga. Aðalfundur skal auglýsa og kynna á sem víðtækastan hátt fyrir félagsmönnum félagsins. Auglýsing á heimasíðum deilda félagsins telst fullnægjandi fundarboð. Í aðalfundarboði skal kynna dagskrá, fundartíma og fundarstað. Þá skal geta sérstaklega í fundarboði hvenær frestur til að skila inn tillögum að lagabreytingum rennur út. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

7. grein

Á dagskrá aðalfundar skulu m.a eftirfarandi mál vera til umræðu og afgreiðslu:

1. Setning fundar
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
3. Aðalstjórn gefur skýrslu um starfsemi á liðnu starfsári
4. Aðalstjórn gefur skýrslu um fjárhag félagsins í heild og leggur fram skoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild, svo og sjóða í vörslu félagsins.
5. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun næsta árs.
6. Tillögur að lagabreytingum
7. Aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar
8. Kosin aðalstjórn félagsins:
 - a) Kosinn formaður
 - b) Kosinn varaformaður
 - c) Kosinn gjaldkeri
 - d) Kosinn ritari
 - e) Kosnir 3 meðstjórnendur
 - f) Kosinn skoðunarmður reikninga ásamt eins til vara
9. Ákvörðun um félagsgjöld
10. Önnur mál
11. Fundarslit

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála.

8. grein

Aðalstjórn félagsins getur boðað til aukaaðalfundar ef þörf krefur. Skyld er er henni að boða til slíks fundar ef meirihluti deildarstjórnanna krefst þess skriflega, enda tilkynni þær um leið fundarefni þar sem þær óska að verði rætt. Fundarboð telst löglegt með helmingi styttri fyrirvara en til aðalfundar. Félagsmenn sem höfðu rétt á setu á síðasta aðalfundi hafa rétt á setu á félagsfundum/aukaaðalfundi. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar og stjórnarkosning skulu þá ekki fara fram á aukaaðalfundi.

9. grein

Hver íþróttadeild félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn deilda ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Einnig ráða þær daglegum rekstri deildanna. Hver deild skal sjá um sig sjálf fjárhagslega og hefur tekjur af æfingagjöldum félaga deildarinnar, ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum er hún tekur sér fyrir hendur, í samráði við aðalstjórn félagsins.

Hver deild skal halda gjörðabók um allar keppnir og annað markvert sem fram fer innan deildarinnar. Í lok hvers starfsárs skal draga saman það sem markverðast er, sem síðan skal tekið upp í sameiginlega skýrslu félagsins. Gjörðarbókin, þannig úr garði gerð, skal síðan afhent ritara félagsins.

10. grein

Stjórn hveurrar deildar skipa 5 einstaklingar sem kosnir eru á aðalfundi deildarinnar. Deildastjórn skal kosin skriflega nema aðeins komi fram ein uppástunga, þá er sá sem tilnefndur er sjálfjörinn.

Deildastjórn er kosin til eins árs í senn.

Ef atkvæði eru jöfn, skal kjósa aftur bundinni kostningu og fáist ekki úrslit ræður hlutkesti.

Deildastjórnir skulu hver á sínu sviði, vinna að eflingu sinnar íþróttagreinar.

11. grein

Fyrir 1. Maí ár hvert skal hver deild halda aðalfund sinn. Athvæðisrétt á þeim fundi hafa allir félagar deildarinnar sem eru orðnir lögráða sbr. 4. Grein.

Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara á heimasíðu félagsins og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir.

1. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
2. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemi deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um fjárhag deildarinnar og leggur fram endurskoðaða reikninga.
4. Kosin deildarstjórn og 2 varamenn
 - a. Kosinn formaður
 - b. Kosinn varaformaður
 - c. Kosinn ritari
 - d. Kosinn gjaldkeri
 - e. Kosinn meðstjórnandi
 - f. Kosnir 2 varamenn
5. Önnur mál er fram kunna að koma

Á fundinum ræður meirihluti athvæða úrslitum allra mála, þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í lögum þess

12. grein

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

13. grein

Reikningsárið er almanaksárið.

Reikningar skulu berast skoðunarmönnum eigi síðar en átta dögum fyrir aðalfund.

Gjaldkeri hefur yfirumsjón með öllum fjármálum félagsins f.h. stjórnar s.s. innheimtu æfingagjalda og greiðslu reikninga.

Öll æfingagjöld renna óskipt til viðkomandi deilda en félagsgjöld eru hluti af tekjum aðalstjórnar. Aðalstjórn skal leggja fram fjárhagsáætlun á aðalfundi sem miðast við starfið á milli aðalfunda. Í henni skal getið um helstu viðburði komandi tímabils s.s. stærri mót, skautaskóla, æfinga- og keppnisferðir innanlands og utan.

Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka, sparisjóði eða á annan sambærilegan hátt.

14. grein

Hver deild skal halda nákvæma skrá yfir féлага deildarinnar og senda aðalstjórn. Skráin skal endurskoðuð á hverju starfsári. Aðalstjórn skal sjá um heildarskrá yfir alla félagsmenn, samkvæmt skráum deilda.

15. grein

Aðalstjórn félagsins skal, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, halda fundi með formönnum deildanna. Á þessum fundum skulu formenn deildanna gefa aðalstjórn skýrslu um starfsemi deildanna. Þá skal og á þessum fundum tekin ákvörðun um skiptingu kennslustyrkja, einstökum deildum veitt leyfi til fjáröflunarleiða í nafni félagsins, ákveðin skipting ágóða af þeirri fjáröflun sem félagið í heild stendur fyrir.

Á fundum þessum hefur hver fundarmaður atkvæðisrétt og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála.

16. grein

Aðalstjórn félagsins skal sjá um stofnun nýrra deilda. Stofnfundur skal fara fram samkvæmt aðalfundarreglum deildanna.

17. grein

Útnefning sem heiðursfélagi er æðsta viðurkenning sem félagið veitir. Heiðursfélaga getur stjórn félagsins tilnefnt, sem unnið hafa félaginu eða íþróttahreyfingunni sérlega vel um langan tíma. Kosning heiðursfélaga skal fara fram á aðalfundi og telst hún lögmæt ef hún hlýtur 2/3 atkvæða. Heiðursfélagi hlýtur heiðursfélagaskírteini, heiðursfélagaskjal og heiðursfélagapening. Heiðursfélagar skulu aldrei vera fleiri en 10 í senn og hafa náð 45 ára aldri. Heiðursfélagi er gjaldfrír og nýtur allra réttinda almennra félagsmanna.

18. grein

Merki félagsins er ísbjarnarhaus, hvítur á svörtum grunni eða svartur á hvítum grunni með nafni félagsins undir.

19. grein

Félaginu verður aðeins slitið á aðalfundi, sem sérstaklega hefur verið boðaður í því skyni og verður a.m.k. helmingur atkvæðisbærra félagsmanna að vera mættur og þrír fjórðu hlutar fundarmanna að samþykkja slit þess. Eignir félagsins skulu við slit þess renna til ÍBR.

20. grein

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn a.m.k 10 dögum fyrir aðalfund og tilkynntar með fundarboði og/eða á heimasíðu félagsins eigi skemur en 7 dögum fyrir aðalfund.

21. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru öll eldri lög félagsins úr gildi numin.